

# Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

verður haldinn 13. mars 2014

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, fimmtudaginn 13. mars 2014 og hefst hann stundvíslega kl. 15:00.

## Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- ▶ 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
- ▶ 2. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
- ▶ 3. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
- ▶ 4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
- ▶ 5. Kosið í stjórn félagsins.
- ▶ 6. Kosning endurskoðunarfélags.
- ▶ 7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.
- ▶ 8. Tillaga um starfskjarastefnu.
- ▶ 9. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
- ▶ 10. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 3. mars 2014. Hafi hluthafar krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 28. febrúar - 3. mars 2014, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir fund eða á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/](http://www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/)

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram samkvæmt hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sína á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar lýkur fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins: [www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/](http://www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/)

Endanleg dagskrá og skjöl, þ.á m. ályktunartillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsíðu félagsins ([www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/](http://www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/)) og liggja frammi á skrifstofu þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14:30 á aðalfundardag.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 27. febrúar 2014.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

